

Gæðastefna Steinull hf.

Gæðastefna

Gæðastefnan byggir á skilvirkni og þjónustu við innri og ytri aðila. Þjónustustig sé ávallt hátt og brugðist sé hratt við ábendingum um frávik og frábrigði í framleiðslu og starfsemi.

Stefna Steinullar er að vera til fyrirmyndar í gæðamálum og hafa að leiðarljósi að framleiðsluvörur fyrirtækisins og þjónusta uppfylli ítrustu gæðakröfur þess og mæti þannig óskum og væntingum viðskiptavina. Lögð er áhersla á gæðavitund starfsmanna og virka þátttöku þeirra í stöðugum umbótum sem leiði til meiri gæða.

Steinull sinnir samfélagslegri skyldu sinni og kappkostar við að uppfylla öll lög og reglur sem eiga við um starfsemi þess.

Gæðamarkmið

Steinull hefur einsett sér að vinna með virkum og skipulögðum hætti í daglegri starfsemi sinni og ákvörðunartöku við að ná markmiðum sínum í gæðamálum með því að:

- Standa við skuldbindingar varðandi gæði framleiðslu og þjónustu
- Veita viðskiptavinum sínum trausta og faglega ráðgjöf við lausn verkefna og veita þeim bestu mögulegu þjónustu hverju sinni
- Viðhalda þróun á afurðum fyrirtækisins í samræmi við óskir viðskiptavina til að uppfylla kröfur markaðarins og gildandi reglugerðir
- Starfrækja gæðastjórnunarkerfi, sem lýsir ábyrgð og eftirlitsferlum varðandi mikilvægustu þætti starfseminnar
- Viðhalda framleiðslubúnaði með fyrirbyggjandi viðhaldi og öflugu eftirlits- og viðgerðastarfi
- Þróa framleiðslutækni og endurnýja framleiðslu- og þökkunarbúnað með gæða- og arðsemismarkmið að leiðarljósi
- Setja árlega ný markmið gæðamála út frá gildum og gæðastefnu Steinullar
- Uppfylla lagalegar kröfur um starfsemina og aðrar kröfur sem lúta að gæðamálum fyrirtækisins
- Veita starfsmönnum hvatningu í starfi, jafnframt því að umbótahugsun sé hluti af starfi hvers og eins, sem og hæfni starfsfólks til að koma auga á umbótatækifæri
- Bæta stöðugt frammistöðu í gæðamálum út frá niðurstöðum vöktunar og mælinga ásamt reglulegum skoðunum og úttektum á stjórnkerfi gæðamála Steinullar

Gæðatefnan tekur til allrar starfsemi Steinullar og starfsfólk jafnt sem verktakar skulu virða hana í öllum störfum sínum.

Sauðarkróki, júní 2024
Stefán Logi Haraldsson
Framkvæmdastjóri

1S-04-02